

Ávarp rektors á málþingi um endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna.

Haldið í Hátíðasal fimmtudaginn 28. september 2017 kl. 13-16

Góðir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á þetta opna málþing Háskóla Íslands, sem haldið er í samstarfi við matskerfisnefnd, um úttekt og endurskoðun á matskerfi opinberu háskólanna.

Dear Agneta Yngve, chair of the external group of experts and professor at Uppsala University in Sweden. Thank you very much for being with us today and for your contribution to reviewing the evaluation system for public higher education institutions in Iceland.

Allt frá árinu 1989 hefur verið starfrækt við Háskóla Íslands kerfi til að meta störf akademískra starfsmanna. Á þeim tæpu þremur áratugum sem liðnir eru frá því að slíkt matskerfi var fyrst sett á laggirnar hefur það tekið ýmsum breytingum. Frá árinu 2009 hefur kerfið í meginatriðum verið í núverandi mynd og notað af öllum fjórum opinberu háskólunum á Íslandi.

Eins og gildir um allt verklag og öll kerfi er nauðsynlegt að rýna þau með reglulegum hætti og meta hvort þau þjóni hlutverki sínu eins og best verður á kosið.

Árið 2015 óskaði háskólaráð Háskóla Íslands eftir því við matskerfisnefnd opinberu háskólanna að hún beitti sér fyrir heildstæðri úttekt á matskerfinu. Í kjölfarið fól matskerfisnefnd vísindanefnd opinberu háskólanna og vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands að undirbúa slíka úttekt og gera tillögu til matskerfisnefndar um hvernig standa skyldi að henni.

Mikilvægt er að geta þess að úttektin og endurskoðun á matskerfinu er jafnframt áherslumál í HÍ21, *Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021*. Í HÍ21 er markmið að „árangur og gæði rannsóknarstarfs [verði] metin á grundvelli fjölbreytts framlags til þekkingarsköpunar og birtingarhefða“. Aðgerðin sem fylgir þessu markmiði í stefnunni er að „mat á rannsóknum [verði] endurskoðað í kjölfar úttektar á matskerfi opinberra háskóla“.

Varðandi úttektina sjálfa ber að nefna að matskerfisnefnd setti í mars 2015 fram tillögu um framkvæmd hennar, þannig að fylgt yrði alþjóðlega viðtekinni aðferðafræði sem felst í því að skipta úttektinni í tvo meginhluta, þ.e. innra mat eða sjálfsmat annars vegar og ytra mat óháðra alþjóðlegra sérfræðinga hins vegar.

Sjálfsmatið var unnið veturinn 2016-2017 og var þess vandlega gætt á öllum stigum að ferlið væri opið og öllum hlutaðeigandi gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og gera athugasemdir. Gerð var grein fyrir öllum framkomnum ábendingum í sjálfsmatsskýrslunni. Ytra matið var unnið í kjölfarið af hópi fjögurra erlendra sérfræðinga sem Gæðaráð íslenskra háskóla skipaði, en í

Gæðaráði sitja 6 erlendir aðilar. Formaður sérfræðihópsins, prófessor Agneta Yngve, gerir grein fyrir störfum og niðurstöðum hans hér á eftir.

Mikið verk er framundan við að vinna úr skýrslu ytri matshópsins í tengslum við endurskoðun matskerfisins. Þetta málþing markar upphaf þeirrar vinnu.

Í þessari vinnu er mikilvægt að hafa í huga að þótt við tölum iðulega um matskerfið í eintölu er í reynd um að ræða tvö kerfi, þ.e. hið eiginlega matskerfi annars vegar, sem er grundvöllur mats á ritverkum og öðrum starfspáttum akademískra starfsmanna – og hins vegar hvatakerfið sem nýtir niðurstöður matskerfisins til umbunar og stýringar. Í þessu sambandi er rétt að minna á að fjölmargir aðilar koma að ákvörðunum um endurskoðun og mögulegar breytingar á einstökum þáttum mats- og hvatakerfisins, s.s. háskólaráð opinberu háskólanna og kjarafélög akademískra starfsmanna, auk annarra aðila innan háskólanna sem nýta sér gögn úr matskerfinu til að ákvarða skiptingu gæða, einkum fjármuna og skiptingu starfsskyldna. Enn fremur er mikilvægt að hafa hugfast að hvatakerfið er útfært með mismunandi hætti innan einstakra háskóla.

Góðir gestir. Ég vil færa öllum sem tekið hafa þátt í úttektarferlinu miklar þakkir, sjálfsmatshópnum, starfsfólki háskólanna og erlendu sérfræðingunum. Einnig vil ég þakka ykkur, sem eruð hér í dag til að hlýða á framsöguerindi og taka þátt í umræðum og vinnuhópum fyrir ykkar framlag til endurskoðunar matskerfisins. Ég vil ítreka að vinnan framundan verður áfram opið og gagnsætt ferli þar sem lögð verður áhersla á sem víðtækasta þátttöku og samráð. Þetta málþing er liður í því.

Gagnvart Háskóla Íslands er markmið stefnu skólans að gera góðan háskóla enn betri. Við þurfum að vanda okkur við vinnuna framundan og gefa okkur góðan tíma á þessu skólaári til að ná niðurstöðu; niðurstöðu sem treystir starf skólans, gerir hann að enn betri vinnustað og byggir á jafnræði á milli mismunandi fræðigreina. Takk fyrir.